

# Tillögur þingmannanefndar um skiptingu viðbótarfjármagns til löggæslu 2014

## Almennt

Við afgreiðslu fjárlaga 2014 var samþykkt ný viðvarandi 500 m.kr. fjárveiting til að efla löggæsluna í landinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þá ákvað innanríkisráðherra að ráðstafa 12 m.kr. til viðbótar af safnlið á fjárlögum, sem ætlaður er til eflingar löggæslu til þess að stuðla enn frekar að því að markmið um eflingu löggæslu um allt land náist.

Í stefnuyfirlýsingunni segir:

*„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla löggæsluna. Leiðarljós í því átaki verður niðurstaða nefndar um löggæslumál sem skilaði nýlega tillögum um forgangsröðun verkefna á næstu árum.“*

Hér er vísað til „Skýrslu um eflingu lögreglunnar“ sem nefnd um gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland skilaði til innanríkisráðherra í febrúar 2013 og sem rædd var á Alþingi á vorþingi 2013. Í skýrslunni eru þrjú forgangsatríði áréttuð:

- *Forgangsatríði eitt* er að fjölga almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögreglueftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu. Fyrsta áhersla verði á að efla lögregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu.
- *Forgangsatríði tvö* er að styrkja sérhæfðar deildir lögreglunnar á öllum sviðum. Gert er ráð fyrir að fjölga í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli.
- *Forgangsatríði þrjú* er að bæta búnað lögreglu og þjálfun lögreglumanna. Gert er ráð fyrir að verja um 1,1 ma. kr. til þess á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan varðandi síþjálfun og búnaðarendurnýjun lögreglunnar.

Innanríkisráðherra skipaði nefnd þingmanna úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi sem ætlað er að gera tillögu til ráðherra um skiptingu á þessu viðbótarfjármagni á milli lögregluembætta í samræmi við skýrslu nefndar um eflingu löggæslunnar, í þeim tilgangi að efla sýnileika lögreglu og skilvirkni í starfi hennar.

Í minnisblaði þessu eru tillögur nefndarinnar settar fram. Tillögurnar miða fyrst og fremst að því að efla lögreglulið á landsbyggðinni, auka sýnilega löggæslu og efla rannsóknarstarf lögreglu. Nefndin telur að verði tillögurnar samþykktar muni þær efla frumkvæðisstarf lögreglu.

Við undirbúning tillagnanna var byggt á greiningum ríkislögreglustjóra á fækkun lögreglumanna hjá einstökum umdæmum frá árinu 2007, greiningum ríkislögreglustjóra á

samdrætti í eignum kílómetrafjölda lögreglubifreiða hvers lögregluumdæmis. Þá var höfð hliðsjón af sérstöðu hvers umdæmis með tilliti til landfræðilegrar stærðar, vegalengda milli byggðalaga, íbúafjölda, samfélagsgerðar og sérstakra atriða svo sem forgangstíma við neyðarútköll, verkefnafjölda síðustu ára o.fl. Að síðustu bárust þingmannanefndinni sjónarmið lögreglustjóra í öllum umdæmum um þau atriði sem brýnast væri að bregðast við til þess að efla lögregluna í umdæmunum.

Þingmannanefndin gengur þess ekki dulin að rekstrarstaða lögregluembætta er víðast hvar slæm og rekstrarhalli á mörgum embættum og að við því þurfi að bregðast á næstu árum. Þingmannanefndin leggur hins vegar sérstaka áherslu á að viðbótarfjármunir þeir sem ætlaðir eru til þess að efla lögregluna á Íslandi verði nýttir á þessu ári til raunverulegrar eflingar lögreglunnar á landsbyggðinni og bættrar þjónustu við íbúa sveitarfélaganna, en ekki til þess að gera upp hallarekstur einstakra embætta við ríkissjóð. Það mál verði tekið sérstökum tókum og gerð fjögurra ára áætlun um uppgjör á þeirri hallastöðu sem var á rekstri sumra embætta í árslok 2013. Jafnframt verði lögð áhersla á að embættin haldi sig innan samþykktra fjárheimilda.

Þingmannanefndin telur að frumvarp til breytinga á lögreglulögum sem innanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi feli í sér ný tækifæri til þess að taka á rekstrarstöðu lögreglunnar og koma henni á réttan kjöl til framtíðar. Í frumvarpi innanríkisráðherra er lagt til að lögregluumdæmin verði stækkuð og þeim fækkað úr 15 í 8 með sameiningu núverandi lögregluumdæma. Jafnframt er lagt til að lögreglustjóraembættin verði aðskilin frá sýslumannsembættum. Meginþýðing breytingarinnar á skipulagi lögreglunnar felst í því að með stækkun rekstrareininga gefast tækifæri á betri nýtingu lögregluliðanna og eflingu þeirra og um leið að hagræða í ákveðnum rekstrarliðum án þess að taka hagræðinguna beint út á kjarnastarfsemi lögreglunnar.

Tillögur nefndarinnar um eflingu lögreglunnar á árinu 2014 skiptast að meginstefnu til í fernt:

1. Fjölgun lögreglumanna.
2. Aukinn akstur ökutækja lögreglu.
3. Þjálfun og búnaðarmál.
4. Mannauðsmál.

## 2. Tillögur

### a. Fjölgun lögreglumanna

Þingmannaefndin leggur til að lögreglumönnum verði fjölgað samtals um 44, þar af 37 lögreglumenn og 7 rannsóknalögreglumenn, þ.m.t. tvo við tækni- og tölvurannsóknir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Af þessum 44 lögreglumönnum sem bætast við verði 34 ráðnir til embætta á landsbyggðinni, 8 til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og 2 til sérsveitar ríkislögreglustjóra vegna þjálfunarmála. Heildarfjárveitingin sem varið verði til fjölgunar lögreglumanna er um 374 milljónir á árinu 2014. Á árinu 2014 er miðað við að

fjárveitingin kosti ráðningu lögreglumanna í tíu mánuði eða frá 1. mars en á árinu 2015 verði miðað við að fjárveitingin kosti 12 mánaða ráðningu lögreglumanna og á móti lækki fjárveitingin vegna þjálfunar og búnaðarmála.

### **Vesturland**

**Akranes:** Lögreglumönnum fjölgað um tvo, þar af verði einn rannsóknalögreglumaður. Tekið er fram að embættið fær viðbótarframlag á fjárlögum vegna rannsókna á kynferðisbrotum er nemur 10 milljónum króna.

**Borgarnes;** Lögreglumönnum fjölgað um tvo. Gert er ráð fyrir einum lögreglumanni í Búðardal.

**Snæfellsnes;** Lögreglumönnum fjölgað um einn.

### **Vestfirðir**

**Ísafjörður;** Lögreglumönnum fjölgað um tvo, þar af einn sem staðsettur yrði á Hólmavík og verði þá tveir lögreglumenn staðsettir á Hólmavík. Hinn verði rannsóknalögreglumaður.

### **Norðurland vestra**

**Blönduós:** Lögreglumönnum fjölgað um einn.

**Sauðárkrókur:** Lögreglumönnum fjölgað um tvo.

### **Norðurland eystra**

**Akureyri:** Lögreglumönnum fjölgað um fjóra, þar af verði einn rannsóknarlögreglumaður. Tekið er fram að embættið fær viðbótarframlag á fjárlögum vegna rannsókna á kynferðisbrotum er nemur 3 milljónum króna.

**Húsavík:** Lögreglumönnum fjölgað um þrjá, þar af einn lögreglumaður sem staðsettur verði á Þórshöfn og verði þá tveir lögreglumenn staðsettir á Þórshöfn.

### **Austurland**

**Eskifjörður:** Lögreglumönnum fjölgað um þrjá, þar af verði einn rannsóknarlögreglumaður.

**Seyðisfjörður;** Lögreglumönnum fjölgað um þrjá, þar af einn sem staðsettur er á Vopnafirði og þannig verði tveir lögreglumenn staðsettir á Vopnafirði.

### **Suðurland:**

**Hvolsvöllur:** Lögreglumönnum fjölgað um tvo er verði staðsettir í Vík.

**Vestmannaeyjar:** Lögreglumönnum fjölgað um þrjá.

**Selfoss:** Lögreglumönnum fjölgað um fjóra, þar af verði einn rannsóknarlögreglumaður. Tekið er fram að embættið fær viðbótarframlag á fjárlögum vegna rannsókna á kynferðisbrotum er nemur 3 milljónum króna.

### **Höfuðborgarsvæðið**

Lögreglumönnum verði fjölgað um átta þar af um tvo rannsóknalögreglumenn í tækni- og tölvurannsóknir lögreglunnar. Tekið er fram að embættið fær viðbótarframlag á fjárlögum

vegna rannsókna á skipulagðri glæpastarfsemi er nemur 35 milljónum króna eða u.þ.b. þremur stöðugildum og vegna rannsókna á kynferðisbrotum er nemur 30 milljónum króna eða u.þ.b. þremur stöðugildum.

### Suðurnes

Lögreglumönnum fjölgað um tvo. Tekið er fram að embættið fær viðbótarframlag á fjárlögum vegna rannsókna á skipulagðri glæpastarfsemi er nemur 15 milljónum króna eða u.þ.b. eitt stöðugildi og vegna rannsókna á kynferðisbrotum er nemur 10 milljónum króna eða u.þ.b. eitt stöðugildi.

### b. Akstur bifreiða lögreglu.

Til þess að auka á ný frumkvæðislöggæslu á sviði afbrotavarna og til að efla sýnilega löggæslu leggur þingmannanefndin til að um 40 milljónum króna verði varið til þess að auka akstur ökutækja í þágu embætta lögreglu á landsbyggðinni. Við skiptingu fjárveitingarinnar var miðað við að auka heildarakstur ökutækja að jafnaði um 12% en frá árinu 2007 hefur hann dregist saman um 38%. Þannig verði heildarsamdráttur í akstri frá 2007 um 30%.

Samdrátturinn er mismunandi millill milli embætta og verði horft til þess við skiptingu fjárveitingarinnar. Sérstaklega verði hugað að auknum akstri vegna hálendisefirlits í umdæmi lögreglustjórans á Hvolsvelli.

Fjárveitingin skiptist sem hér segir milli umdæma:

Aukin akstur km	Km	Kostn.
06 Ríkislögreglustjórinn	4.947	588.253
12 Akranes	44.537	4.278.053
13 Borgarnes	76.530	7.699.649
14 Stykkishólmur	11.523	905.345
18 Vestfirðir	58.109	5.478.823
20 Blönduós	48.326	4.613.763
21 Sauðárkrókur	21.951	2.083.186
24 Akureyri	57.403	5.007.962
25 Húsavík	6.280	230.252
26 Seyðisfjörður	10.626	701.284
28 Eskifjörður	49.423	4.612.828
31 Hvolsvöllur	29.839	2.536.302
32 Vestmannaeyjar	3.012	141.986
33 Selfoss	13.947	511.399
<b>Samtals</b>	<b>513.537</b>	<b>39.389.085</b>

### C. Þjálfun og búnaður.

Fram kemur í áður nefndri skýrslu um eflingu lögreglunnar og einnig í svörum lögreglustjóranna að leggja þurfi mikla áherslu á þjálfun og búnað almennrar lögreglu. Auka

þurfi almenna viðbragðsgetu og viðbúnað lögreglu til þess að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna. Þannig þurfi að styrkja lögregluna til þess að takast á við erfið mál, skilgreina lágmarks aðgerðarþjálfun og bæta búnað.

Ríkislögreglustjóri hefur undanfarið í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins unnið að stefnumótun varðandi stigskipta grunn aðgerðarþjálfun lögreglumanna og árlega viðhaldsþjálfun. Auk þess að marka stefnu um búnaðarmál lögregluliðanna.

Þegar litið er heildstætt til forgangs röðunar lögreglustjóranna og tillagna í skýrslunni um eflingu lögreglunnar er það mat þingmannanefndarinnar að brýnt sé að efla viðbragðsgetu liðanna og þjálfun og búnað almennrar lögreglu. Þingmannanefndin leggur því til að um 80 milljónum króna verði varið til tækja- og búnaðarkaupa sem og þjálfunar almennra lögreglumanna. Verði ríkislögreglustjóra falið að annast yfirumsjón með verkefninu í samvinnu við Lögregluskólann. Sérsvéit ríkislögreglustjóra hefur undanfarin ár annast þjálfun lögregluliðanna ásamt því að æfa með þeim. Vegna þessa verkefnis verði því ráðnir tveir menn til sérsvéitarinnar.

Þá er gert ráð fyrir viðbótarframlagi er nemur tæplega 10 milljónum króna til embættis lögreglustjórans á Hvolsvelli vegna stofnsetningar nýrrar lögreglustöðvar í Vík og viðbótar lögreglubifreiðar vegna þess. Auk þess verði varið um 4 milljónum króna til umdæmisins vegna aukins hálendisaksturs, en nefndin tekur fram að huga þarf að eflingu hálendiseftirlits hjá fleiri embættum í framtíðinni.

#### **d. Mannauðsmál**

Hátt veikindahlutfall í lögreglu er áhyggjuefni og er unnið að greiningu á þeim málum. Þingmannanefndin leggur til að um 5 milljónum króna verði varið til verkefna er stuðla að bættri heilsu lögreglumanna svo sem upptöku reglulegra læknisskoðana o.fl. Embætti ríkislögreglustjóra verði falið að vinna að framgangi verkefnisins.

#### **e. Eftirfylgni og framhald**

Innanríkisráðherra hefur falið nefndinni að starfa áfram. Annars vegar mun nefndin fylgja því eftir að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga á yfirstandandi ári og tryggja eðlilegt framhald á árinu 2015.

Eins og áður hefur verið nefnt lagði nefndin áherslu á aukna sýnilega löggæslu. Leggur nefndin því fram þrjár bókanir sem fjalla um hvernig megi auka sýnileika lögreglu og þar með afbrotavarnahlutverk lögreglu.

Reykjavík, janúar 2014

Þingmannanefnd um skiptingu fjárveitinga til löggæslu

## **Bókun 1. Varðandi umferðareftirlit.**

Þingmannanefndin mælir með því við innanríkisráðherra að hefja undirbúning að því að sameina umferðareftirlit Samgöngustofu lögreglunnar. Markmið umferðareftirlits Samgöngustofu er fyrst og fremst að sinna eftirliti með þunga ökutækja og hvíldartíma ökumanna (ökuritum) og þeir sem framkvæma eftirlitið hafa engar valdheimildir eða þvingunarúrræði. Öll mál sem koma frá þeim eru kærð til lögreglu með tilheyrandi tvíverknaði og framhaldsmeðferð. Með því að færa það eftirlit undir lögregluna má stórauka skilvirkni við afgreiðslu mála og nýtingu fjármuna. Auk þess mun sýnileiki löggæslu aukast á vegum landsins. Hægt væri að framfylgja öðrum brotum á umferðarlögum s.s. of hröðum akstri, ölvun við akstur, akstur undir áhrifum vímuefna o.s.frv. Í því felst sömuleiðis bætt nýting fjármuna. Lögreglumenn í þessum ökutækjum gætu því sinnt öllu umferðareftirliti sem nú er eingöngu á hendi lögreglunnar svo sem eftirlit með hraða, ölvun, akstri undir áhrifum fíkniefna o.s.frv. Lögreglumenn í þessu eftirliti væru einnig góður stuðningur við embættin ef eitthvað kæmi upp á og ekki síst í umferðarslysum. Nú þegar er verið að greiða lögreglu fyrir sérstakt umferðareftirlit vegna skilgreindra vegkafla í hverju umdæmi. Þetta eftirlit sem hér um ræðir gæti sinnt þessum vegköflum með hraðamyndavél, ratsjá eða laserhraðamælitæki. Miklir möguleikar eru því á að afgreiða mál strax á vettvangi. Með því að færa fjármagn sem þegar er sett í þetta verkefni hjá Samgöngustofu og það fjármagn sem notað er í sérstaka eftirlitið má bæta umferðareftirlit lögreglu á vegum landsins og auka sýnileika lögreglu.

## **Bókun 2 varðandi Suðurnes**

Þingmannanefndin vekur athygli innanríkisráðherra á sérstöðu lögregluembættisins á Suðurnesjum vegna starfsemi alþjóðaflugvallarins og mikilla krafna á embættið við að þjóna flugvallarstarfsemi m.a. vegna landamæravörslu og lögregluftirlits m.t.t. skipulagðrar glæpastarfsemi, mansals, fíkniefnabrota o.fl. Starfsemi alþjóðaflugvallarins er sérstakt umfjöllunarefni og fellur ekki beinlínis undir verksvið nefndarinnar. Það krefst sértækra lausna. Nefndin bendir þó að frá árinu 2009 hefur farþegum fjölgað um 66% og þar af hefur farþegum um ytri landamæri fjölgað um 83,6%. Áhrif flugvallarins á starfsemi lögregluliðsins eru annars vegar bein vegna landamæravörslunnar og umfangs hennar í tengslum við fjölda farþega sem fara um flugvöllinn. Nefndin ákvað að halda fjárþörf vegna landamæravörslu á Flugstöð Leifs Eiríkssonar utan við tillögugerðina. Hins vegar eru áhrifin óbein þ.e. kröfur á aðra þætti í starfsemi embættisins vegna flugvallarins s.s. rannsóknadeild og aðrar deildir. Þingmannanefndin hefur við tillögugerðina tekið mið af þessum óbeinu áhrifum sem aukningin hefur haft á aðrar deildir embættisins en flugstöðvardeildina. Um leið og nefndin áréttar mikilvægi þess að fullnægjandi fjárveitingar verði veittar vegna landmæravörslunnar enda hafi það mikla þjóðhagslega þýðingu að flugumferð gangi greiðlega fyrir sig um flugvöllinn og að afgreiðsla flugfarþega sé örugg og skilvirk.

### **Bókun 3 vegna hálandiseftirlits**

Umdæmi nokkurra lögreglustjóra á Íslandi liggja víða um stór og víðfeðm hálandissvæði sem njóta mikilla vinsælda hjá ferðamönnum, bæði innlendum sem erlendum. Með auknum ferðamannastraumi eykst umferð um hálendið í samræmi við fjölgun í byggð. Verkefnum fjölgar ört sem tengjast lög- og öryggisgæslu á hálendinu jafnt að sumri sem vetri. Því miður hefur raunin verið sú undanfarin ár að löggæsla á hálendinu hefur dregist verulega saman og stafar það helst að þeim samdrætti sem hefur verið á síðustu árum í fjárveitingum.

Við embætti lögreglustjórans á Hvolsvelli hefur verið lögð áhersla á að sinna hálandieftirliti eftir fremsta megni. Hjá embættinu er mikill áhugi á að efla hálandislöggæslu til muna, óhöpp og slys á hálendinu sýna að brýn þörf er á virku eftirliti. Innan embættis lögreglustjórans á Hvolsvelli eru nokkrir af stærstu ferðamannastöðum á hálendinu, s.s. Landmannalaugar, Laugavegurinn, Fimmvörðuháls, Þórsmörk, Lakagígar, Fjallabaksleiðir, Veiðivötn o.s.frv. Vilji er til að styrkja löggæslu á hálendi tímabundið, þegar álagið er mest, þannig að hálandiseftirliti lögreglu sé sinnt af sérstakri vakt en ekki í aukavinnu. Þannig væri ekki dregið úr löggæslu í byggð á sama tíma og hálandiseftirliti er sinnt. Embættið hefur þegar yfir að búa góðum lögreglubíl til verksins og reynda og þjálfaða lögreglumenn sem hafa góða þekkingu á hálendinu. Þetta myndi bæði auka öryggi ferðamanna á hálendinu, með styttri viðbragðstíma sem og eftirlit með utanvegaakstri, ölvunarakstri o.fl. myndi einnig aukast.

Embættið hefur óskað eftir því að fá aukið fjármagn til þessa eftirlits þannig að efla megi það með sýnilegum hætti. Áhersla er lögð á að lögreglan eigi gott samstarf við aðra þá sem starfa á þessu svæði s.s. hálandisvakt Landsbjargar, landverði og skálaverði á svæðinu og ekki síst við embættið sinni hálandiseftirliti í góðri samvinnu við önnur lögregluembætti sem eiga varðsvæði á hálendinu. Embættið myndi að talsverðu leyti skipuleggja eftirlitið í samvinnu við þessa aðila þannig að það gæti komið að sem mestum notum og tryggt að löggæsla væri hverju sinni þar sem mest mæddi á.